

Læknablaðið nírætt

Læknablaðið hefur nú náð sjaldgæfum áfanga í útgáfumálum hérlendis, en einungis Skírnir – Tímarit hins íslenska bókmenntafélags (1827), elsta tímarit á Norðurlöndum, Morgunblaðið (1913) og tvö af ritum Bændasamtakanna, Búnaðarritið og Freyr (1904) hafa lengri samfellda útgáfusögu. Því er vel við hæfi að tileinka Læknablaðinu þetta hefti og rifja upp markverð greinaskrif úr sögu þess.

Upphaf útgáfu Læknablaðsins má rekja til félagsfunda í Læknafélagi Reykjavíkur sem stofnað var 1909. Á þeim tímum voru allflestir læknafræðingur að erlendum fagttímaritum. Upplýsingar um það sem markverðast var á Íslandi í læknisfræðinni komust illa til skila, einkum til lækna utan Reykjavíkur. Héraðslæknafræðingur áttu sjaldan heimangengt frá héruðum sínum og því skapaðist þörf fyrir sameiginlegan miðil um læknisfræði og félagsmál meðal íslenskra lækna. Upphaf tuttugustu aldarinnar einkenndist á Íslandi af ríkri sjálfstæðiskennnd, bjartsýni og stórhuga framkvæmdaáformum. Hið óljósa valda- og vopnabrölt í Evrópu virtist alls ekki þjaka menn hér á landi. Því var á félagsfundi í LR á árinu 1914 ákveðin bindandi könnun meðal allra lækna á Íslandi um stofnun Læknablaðs. Bréf bárust frá 24 læknum sem allir voru eindregnir stuðningsmenn þessa og var á félagsfundi LR þann 20. janúar 1915 því samþykkt stofnun læknablaðs. Í ritstjórn voru kosnir þeir Guðmundur Hannesson sem áður hafði gefið út handritað læknablað á Akureyri árin 1901-1904, Matthías Einarsson og Maggi Júl. Magnús. Læknafélag Íslands kom að útgáfunni frá og með 1. tölublaði 1955 og þannig skipa nú formenn Læknafélags Reykjavíkur og Læknafélags Íslands útgáfustjórn ásamt ritstjóra blaðsins.

Læknablaðið hefur frá upphafi miðlað læknum alhliða fræðslu um allt sem viðkemur starfi þeirra, hvort sem um sjúkdóma ellegar sjúkdómavarnir varðar. Greinar þær sem ritrýnendur hafa valið í þetta afmælisblað eru áhugaverðar fyrir þær sakir að þær taka til íslenskra staðhátta. Í stórum hluta Læknablaðsins hefur þó á hverjum tíma verið fjallað um aðra þætti sem tengja lækna böndum og er ekki síður áhugavert að lesa þær greinar.

Þegar ég fletti fyrstu blöðum útgáfunnar varð mér hugsað til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á íslensku þjóðlífi á liðinni öld. Í upphafi tuttugustu aldarinnar voru læknafræðingur fáir og dreifðust um sveitir landsins. Í greinaskrifum þess tíma kemur fram að búnaður lækna og sjúklinga var víða bágborinn. Bústaðir héraðslækna voru vanbúnir og stundum voru

þeim úthlutaðar lakar bújarðir, kjör þeirra slík að læknafræðingur drýgði tekjur sínar af hefðbundnum búskap. Sjúkrahús voru fá og sérhæft hjúkrunarfólk ófáanlegt til sveita. Fljótlega komu því fram tillögur um aðbúnað lækna í starfi, fyrstu staðlarnir tóku að líta dagsins ljós og læknafræðingur um nauðsyn hjúkrunarstarfa. Í grein sinni Tuto, cito et jucunde! ritar Steingrímur Matthíasson í aprílhefti Læknablaðsins 1915 um vitjanir og ferðalög lækna: Eg hefi oft fundið sáran til þess, hversu það er illa samrýmanlegt, að fást við áhyggjusamar operatíónir, og eiga svo að þeytast á illgengum jálkum í ófærð og kulda langar leiðir, og til lítils gagns oft og tíðum. Steingrímur ræðir í öfundartón um Þórð kollega í Rönne sem þeysist um Borgundarhólm á mótor-hjólhesti en kvartar undan þeirri tímaeyðslu sem felst í löngum ferðalögum á lélegum reiðskjótum: Síðan eg eignaðist góðan hest, finn eg betur til þess en áður, hvíllkur heilsuspillir þar er, að sitja á húðarklárur, eins og oft er vant að setja undir lækna. Við vitjanir í íslenskri stórhrið þá dugar að mati Steingríms lítt nema Mývatnshettan og þar sem það þarf sterk augu til að þola að riðið sé langt móti stormi og úrkomu þá mælti hann með hlífðargleraugum þeim sem Andrés Fjeldsted læknir kenndi kollegum hér á landi að nota, en voru talin þarfapengir erlendis í bifreiðum og flugvélum. Gaman væri að fá Steingrím endurborinn í jeppaferð á jökli með okkur kollegunum.

Guðmundur Björnsson landlæknir mun fyrstur Íslendinga hafa tekið upp ættarnafn eftir að umdeild lög frá Alþingi tóku gildi í ársbyrjun 1915. Breytti hann nafni sínu í Björnson og var það skráð þann 19. mars það sama ár. Því eru fyrstu greinar hans í Læknablaðinu ritaðar áður en hann tapaði essi sínu. Í byrjun árs 1916 ritar hann um tafir á útgáfu heilbrigðisskýrslna. Þar greinir hann frá vanda skýrslugerðar en dánarskýrslur munu fyrst hafa farið að berast landlækni eftir að Hagstofan tók til starfa í byrjun árs 1914. Greinilegt er af skrifum hans að hið opinbera stjórnkerfi hefur ekki verið ýkja frábrugðið því sem við þekkjum í dag: annríki, seinagangur, misfellur og lélegar heimtur einkenndu skýrslugerðina. Eyðublöðum virðist þá illu heilli verið að fjölga þannig að landlæknir grípur til þess ráðs að senda öllum héraðslæknum prentaða skrá yfir öll þau eyðublöð og bæklinga sem þeir þurfa að biðja um. Verður það stór hæðarauki fyrir þá og mig. Þó má merkja í niðurlagi greinarinnar að landlækni þyki sumir læknafræðingur trassa skýrslugerð og virðist lítt hafa breyst í þeim efnum.



Óskar Einarsson

Höfundur er formaður Læknafélags Reykjavíkur.

Saga Læknablaðsins er á margan hátt einstæð og án þeirrar bjartsýni sem einkenndi lækna í upphafi síðustu aldar væru aðstæður okkar hér á landi án efa aðrar og lakari. Það verður að teljast þrekvirki fyrir fámennan hóp að halda úti slíku blaði í níutíu ár. Á undanförunum árum hefur verið leitast eftir að fá alþjóðlega viðurkenningu á Læknablaðinu sem vísindarititi með skráningu í Medline. Slíkt hefur reynst erfitt þar sem þegar er í boði ofgnótt af ritrýndum læknisfræðilegum tímaritum. Af þeim sökum skilja fáar vísindagreinar nútímans eftir sig spor sem merkja má í framtíðinni. Vonast er þó til þess að Læknablaðið hasli sér völl í þeirri útrás sem einkennir Ísland í upphafi 21. aldar. Á síðari árum hefur útbreiðsla og áhrif Læknablaðsins aukist í íslensku þjóðfélagi eftir

tilkomu rafrænnar netútgáfu. Það má helst merkja af frétttaflutningi fjölmiðla en þar færast í vöxt að vitnað sé til skrifa Læknablaðsins. Vægi blaðsins er því þyngra hér heima en margan grunar. Nú er svo komið að menn varast að senda þangað skrif nema að vel hugsuðu máli. Sú tíð er liðin að menn agnúist út í kollega á prenti ellegar lýsi krankleik þeirra eins og Guðmundur Björnson landlæknir gerði í febrúar 1916 þegar hann rakti gallkveisu Guðmundar prófessors Magnússonar. Því ber að fagna þessum tímamótum með von um að Læknablaðið eflist í takt við héraenda læknisfræði og að gæði þess endurspeglit í læknisstarfinu. Þakkir til þeirra sem ruddu veginn og hafa haldið stefnunni síðan.